

Vímuefnanotkun, hagir og líðan
framhaldsskólanema á Íslandi
2010

Menntaskólinn í Reykjavík

*Rannsókn meðal framhaldsskólanema á
Íslandi árið 2010*

Samanburður rannsókna frá 2000, 2004, 2007 og 2010



RANNSÓKNIR OG GREINING
Háskólanum í Reykjavík

Höfundar:
Hrefna Pálsdóttir
Álfgeir Logi Kristjánsson
Inga Dóra Sigfúsdóttir
Jón Sigfússon

Rit þetta má ekki afrita með nokkrum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis Rannsókna & greiningar.

© 2011 Rannsóknir & greining ehf

Efnisyfirlit

RANNSÓKNIR OG GREINING	1
Efnisyfirlit	3
Yfirlit yfir myndir	4
Yfirlit yfir töflur	8
Inngangsorð	9
Aðferð og gögn	12
Þátttakendur	12
Mælitæki	13
Framkvæmd og úrvinnsla gagna	13
Skólar sem tóku þátt í framhaldsskólarannsóknni haustið 2007	14
Vímuefnanotkun	15
Tóbaksnotkun	17
Reykingar	17
Notkun munn – og neftóbaks	21
Áfengisnotkun	22
Notkun um ævina	22
Ölvunardrykkja	24
Hvar neyta framhaldsskólanemar áfengis?	27
Ólögleg vímuefni	28
Neysla á hassi	28
Neysla annarra ólöglegra vímuefna	33
Breytingar á neyslu ungmenna frá 10. bekk yfir í framhaldsskóla	34
Hagir og líðan	38
Nám og skóli	47
Íþróttir og tómstundir	59
Heimildaskrá	69

Yfirlit yfir myndir

- Mynd 1.** Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árin 2000, 2004, 2007 og 2010 sem segjast hafa prófað að reykja sígarettur einhvern tíma um ævina. 17
- Mynd 2.** Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík árin 2000, 2004, 2007 og 2010 sem segjast hafa prófað að reykja sígarettur einhvern tíma um ævina. 17
- Mynd 3.** Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árin 2000, 2004, 2007 og 2010 sem segjast reykja sígarettur daglega..... 19
- Mynd 4.** Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík árin 2000, 2004, 2007 og 2010 sem segjast reykja sígarettur daglega..... 19
- Mynd 5.** Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem hafa neytt áfengis einu sinni eða oftar um ævina. 22
- Mynd 6.** Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem hafa neytt áfengis einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga. 23
- Mynd 7.** Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftar um ævina. 24
- Mynd 8.** Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi sem hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2000, 2004, 2007 og 2010. 25
- Mynd 9.** Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík sem hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2000, 2004, 2007 og 2010. 25
- Mynd 10.** Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi sem hafa notað hass einu sinni eða oftar um ævina, árin 2000, 2004, 2007 og 2010. 28
- Mynd 11.** Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík sem hafa notað hass einu sinni eða oftar um ævina, árin 2000, 2004, 2007 og 2010. 28
- Mynd 12.** Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem hafa notað hass þrisvar sinnum eða oftar um ævina. 30
- Mynd 13.** Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem hafa notað maríjúana einu sinni eða oftar um ævina. 31
- Mynd 14.** Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem hafa notað amfetamín einu sinni eða oftar um ævina. 32

Mynd 15. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem neytt hafa annarra ólöglegra vímuefna um ævina (E-töflur, LSD, kókaín).	33
Mynd 16. Vímuefnaneysla nemenda í 10. bekk vorið 2010 og nemenda sem eru 16 ára og yngri í framhaldsskólum haustið 2010.	34
Mynd 17. Daglegar reykingar nemenda í öllum framhaldsskólum á Íslandi haustið 2010 (bláu súlurnar). Rauða súlan veitir upplýsingar um stöðu Menntaskólans í Reykjavík og sú gula sýnir landsmeðaltal.	35
Mynd 18. Hlutfall nemenda í öllum framhaldsskólum á Íslandi haustið 2010 sem hafa orðið ölvaðir sl. 30 daga (bláar súlur). Rauða súlan veitir upplýsingar um stöðu Menntaskólans í Reykjavík og sú gula sýnir landsmeðaltal.	36
Mynd 19. Hlutfall nemenda í öllum framhaldsskólum á Íslandi haustið 2010 sem hafa notað hass einhvern tíma um ævina (bláar súlur). Rauða súlan veitir upplýsingar um stöðu Menntaskólans í Reykjavík og sú gula sýnir landsmeðaltal.	37
Mynd 20. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem segjast <i>oft</i> horfa á sjónvarpið með fjölskyldu sinni.	40
Mynd 21. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem segjast <i>oft</i> stunda íþróttir eða útivist með fjölskyldu sinni.	41
Mynd 22. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem segjast <i>oft</i> tala við fjölskyldu sína.	42
Mynd 23. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem telja mjög eða frekar erfitt að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum sínum.	43
Mynd 24. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem telja mjög eða frekar erfitt að fá samræður um persónuleg málefni hjá foreldrum sínum.	44
Mynd 25. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem telja mjög eða frekar erfitt að fá ráðleggingar frá foreldrum sínum varðandi námið.	45
Mynd 26. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem segjast vera <i>oft</i> einmana.	46
Mynd 27. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem telja skólanámið ekki sérlega eða alls ekki mikilvægt.	47
Mynd 28. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem telja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að finnast námið tilgangslaust.	48

Mynd 29. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem telja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að leiðast námið.	49
Mynd 30. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem telja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að vera illa undirbúin undir kennslustundir.	50
Mynd 31. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 telja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að líða illa í skólanum.	51
Mynd 32. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem telja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að langa til að hætta í skólanum.	52
Mynd 33. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem segja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að vilja skipta um skóla.	53
Mynd 34. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem segja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að semja illa við kennarana.	54
Mynd 35. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem segja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að líða illa í kennslustundum.	55
Mynd 36. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem segja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að líða illa í frímínútum.	56
Mynd 37. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem segja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að vera utanveltu í skólanum.	57
Mynd 38. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem telja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að vera lögð/lagður í einelti í skólanum.	58
Mynd 39. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 eftir því hversu oft þau stunda íþróttir eða líkamsrækt í viku hverri.	59
Mynd 40. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík árið 2010 eftir því hversu oft þau stunda íþróttir eða líkamsrækt í viku hverri.	59
Mynd 41. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 eftir því hversu oft í viku þau stunda íþróttir (æfa eða keppa) með íþróttafélagi.	61
Mynd 42. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík árið 2010 eftir því hversu oft í viku þau stunda íþróttir (æfa eða keppa) með íþróttafélagi.	61

- Mynd 43.**Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 eftir því hversu oft í viku þau reyna á sig líkamlega þannig að þau mæðist verulega eða svitni. 63
- Mynd 44.**Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík árið 2010 eftir því hversu oft í viku þau reyna á sig líkamlega þannig að þau mæðist verulega eða svitni. 63
- Mynd 45.**Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 eftir því hversu oft í viku þau taka þátt í einhverju skipulögðu félags-eða tómstundastarfi..... 65
- Mynd 46.**Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík árið 2010 eftir því hversu oft í viku þau þátt í einhverju skipulögðu félags- eða tómstundastarfi. 65
- Mynd 47.**Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 eftir þátttöku í félagsstarfi í skóla að undanskildum böllum og diskóum..... 67
- Mynd 48.**Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík árið 2010 eftir þátttöku í félagsstarfi í skóla að undanskildum böllum og diskóum. 67

Yfirlit yfir töflur

Tafla 1.	Munn- og neftóbaksnotkun framhaldsskólanema á Íslandi árið 2010	21
Tafla 2.	Hlutfall framhaldsskólanema árið 2010 sem segjast drekka áfengi, stundum eða oft, á tilteknum stöðum.....	27

Inngangsorð

Rannsóknirnar *Ungt fólk* eru rannsóknir á högum, líðan og aðstæðum ungs fólks sem gerðar hafa verið reglubundið allt frá árinu 1992 í mismunandi aldurshópum ungmenna. Nánar tiltekið meðal nemenda í 5. til 10. bekk og í öllum árgöngum framhaldsskóla. Rannsóknarmiðstöðin Rannsóknir & greining framkvæmir rannsóknirnar en þær eru unnar að tilstuðlan og í samstarfi við aðila sem bera ábyrgð á uppeldi, þroska og umhverfi íslenskra ungmenna. Fyrsta rannsóknin af þessari gerð var unnin árið 1992 og hefur Mennta- og menningarmálaráðuneytið styrkt þær og staðið um þær vörð alla tíð síðan. Rannsóknirnar eru forsenda árangursríkrar stefnumótunar í málefnum barna og ungmenna. Á grunni þeirra hefur hér á landi tekist að skapa samstöðu í stefnumótun um málefni ungs fólks og byggja upp starf meðal þessa aldurshóps, sem eftir hefur verið tekið erlendis og hefur skipað Íslandi í forsæti í árangri forvarnarstarfs meðal ungmenna.

Fá samfélög hafa gengið í gegnum viðlíka umbreytingar á undanförunum árum og hið íslenska. Rannsóknir undanfarinna áratuga hafa leitt í ljós að örar þjóðfélagsbreytingar koma gjarnan niður á einingu samfélagsins. Það má því segja að það sé mikilvægara nú en nokkru sinni fyrr að hlúa vel að þeim kynslóðum sem á unga aldri hafa gengið í gegnum svo afdráttarlausar breytingar, kynslóðir sem koma til með að standa frammi fyrir vali um hvort íslenskt samfélag sé ákjósanlegur samastaður til framtíðar. Til þess að unnt sé að hefja þessa vegferð er brýnt að vita hver staðan er meðal íslenskra ungmenna nú árið 2010; afstaða þeirra og væntingar, og hvernig hún hefur þróast á undanförunum árum. Mikilvægt er að umræða og tillögur um framtíðarskipulag íslensks samfélags byggja á traustum rannsóknum. Í þessari skýrslu berum við saman niðurstöður rannsókna frá 2004, 2007 og 2010. Þá er einnig samanburður á nokkrum helstu þáttum aftur í tímann, til ársins 1992 þegar fyrsta rannsóknin af þessu tagi var gerð. Sé litið á þróun mála meðal ungs fólks frá árinu 2004 má segja að hún sé almennt jákvæð. Ungmenni stunda íþróttir og skipulagt tómstundastarf í nokkuð meiri mæli en áður á sama tíma og óskipulagðar tómstundir, hafa dregist saman. Að sama skapi verja ungmenni meiri tíma með foreldrum sínum en árið 2004 og 2007 og telja sig fá ríkari stuðning frá foreldrum. Þetta eru afar ánægjulegar niðurstöður fyrir samfélag sem er að ganga í gegnum erfitt tímabil efnahagsþrenginga og upplausnar á sumum sviðum. Þá er mikilvægt að geta þess að sé litið aftur til ársins 1992 er greinilegt að á þessum tæplega tveimur áratugum hafa orðið

umskipti í umhverfi ungmenna; þannig segjast mun fleiri ungmenni nú, oft eða alltaf verja tíma með foreldrum utan skóla, en 1992. Á sama hátt segjast fleiri ungmenni nú eiga mjög eða frekar auðvelt með að fá stuðning frá foreldrum sínum en árið 1992.

Í þessari skýrslu er athygli beint að fjölmörgum þáttum í lífi nemenda í öllum framhaldsskólum landsins. Fjallað er um tengsl nemenda við foreldra og fjölskyldu, um samband við jafningja og vini og hugmyndir þeirra og viðhorf til náms og skóla. Þá er fjallað um atvinnu með námi í framhaldsskólum. Einnig er sérstaklega fjallað um heilsuhegðun. Þá er fjallað um mataræði og hreyfingu, um andlega líðan, hvort tveggja meðal fjölskyldu og vina, sem og meðal félaganna og í skóla, um einmanaleika og einelti, um félagslíf, þátttöku í íþrótta- og tómstundastarfi, og um margskonar frístundaiðju s.s. kaffihúsaferðir, partí, og ástundun skemmtistaða; um hljómsveitir, tónleika og leikhúsfærðir; um lestur og ljóðaskrif, og margt fleira. Á þennan hátt er birt mynd af ótal þáttum sem snúa að lífi ungs fólks í framhaldsskólum. Árið 2000 og 2004 stóð menntamálaráðuneytið einnig í samstarfi við Rannsóknir & greiningu fyrir könnun meðal framhaldsskólanema sem og árið 2007. Í þessari skýrslu er athyglinni beint að samanburði við rannsóknirnar frá árunum 2004 og 2007, en líta má á rannsóknina *Ungt fólk 2010* sem beint framhald þeirra. Gögnin fyrir þessi ár bjóða því upp á að hægt sé að fylgjast með þróun margra þátta er snerta líf framhaldsskólanema yfir tíma. Á þann hátt hefur hér á landi verið byggður upp traustur þekkingargrunnur um ungt fólk á mótandi lífsskeiði.

Rannsóknirnar *Ungt fólk* væru ekki framkvæmanlegar án samstarfs við skólafólk; bæði kennara og nemendur. Framlag skólastjórnenda, kennara og nemenda í grunn- og framhaldsskólum landsins, aðstoð þeirra við fyrirlagnir og sú natni sem þeir gjarnan sýna í því að koma til okkar athugasemdum um hvað betur megí fara, er ómetanlegt. Við viljum þakka þeim sérstaklega góða samvinnu um þetta mikilvæga verkefni. Með rannsóknarröðinni *Ungt fólk* meðal framhaldsskólanema, árin 2000, 2004, 2007, og 2010 hefur mennta- og menningarmálaráðuneytið tryggt að hægt sé að vinna úr haldgóðum og samanburðarhæfum gögnum um hagi ungs fólks fyrir fjölmarga aðila. Starfsfólk Rannsókna & greiningar við Háskólann í Reykjavík hefur þannig undanfarin ár þjónustað fjölmörg félög og félagasamtök, svo sem íþrótta- og æskulýðsfélög, bæjarfélög og

opinberar stofnanir, um áreiðanlegar úrvinnslur sem þegar hafa nýst til stefnumótunar á mörgum sviðum. Það er einlæg von okkar að geta áfram orðið að liði fyrir sem flesta, en mennta- og menningarmálaráðuneytið, í samvinnu við Rannsóknir & greiningu, hefur með rannsókninni *Ungt fólk 2010* tekið mikilvægt skref í átt að því að stuðla að aukinni þekkingu á málefnum æsku landsins.

Eins og getið var um hér í upphafi þá hefur rannsóknamiðstöðin Rannsóknir & greining hefur sérhæft sig í rannsóknnum á högum og líðan ungs fólks undanfarin ár en fyrsta sambærilega rannsóknin á högum og líðan nemenda í framhaldsskólum var gerð árið 1992. Það er því ljóst að mikið er til af samanburðarhæfum gögnum allt frá því ári og til dagsins í dag.

Í þessari skýrslu er sérstaklega unnið með niðurstöður frá Menntaskólanum í Reykjavík (MR). Myndir í skýrslum sýna ávallt fyrst landsmeðaltal og síðan tölur fyrir Menntaskólann í Reykjavík.

Aðferð og gögn

Rannsóknir Rannsókna & greiningar eru þýðisrannsóknir en í því felst að þær eru ekki byggðar á hefðbundnum úrtökum heldur er reynt að ná til sem flestra í úrtaksrammanum innan þýðisins. Þetta er gert með því að leggja spurningalista fyrir alla nemendur sem mættir eru til dagskóla á tilteknum degi með það að leiðarljósi lágmarka öryggismörk niðurstaðnanna.

Þátttakendur

Niðurstöður þær sem birtar eru í þessari skýrslu eru byggðar á könnunum sem Rannsóknir & greining lagði fyrir nemendur í framhaldsskólum á Íslandi haustin 2000, 2004, 2007 og 2010. Þátttakendur voru þeir dagskólanemendur framhaldsskólanna sem mættir voru í kennslustundir á þeim tíma sem kannanirnar voru lagðar fyrir. Spurningalistar voru lagðir fyrir nemendur í öllum framhaldsskólum á Íslandi¹. Árið 2000 fengust gild svör frá 8.702 nemendum af heildarþýðinu, þar af voru 4.028 strákar og 4.615 stelpur, en 59 nemendur gáfu ekki upp kyn sitt. Svarhlutfall var 70,5% allra nemenda framhaldsskóla sem skráðir voru í kennslustundir á fyrirlagnartíma. Árið 2004 fengust gild svör frá 11.031 nemendum af þýðinu og voru strákar 5.279 en stelpur 5.617. Alls gáfu 135 ekki upp kyn sitt. Samkvæmt þessu var svarhlutfall 80,9% í könnuninni árið 2004. Árið 2007 fengust gild svör frá 11.229 nemendum af þýðinu. Strákar voru 5.405 en stelpur 5.690 en upplýsingar um kynferði vantar fyrir 134 þátttakendur. Svarhlutfallið árið 2007 er 72,2% af mögulegum þátttakendum í úrtaksrammanum og nú árið 2010 var svarhlutfallið 70,5% eða 11.388 einstaklingar. Samtals eru því 42.350 einstaklingar í gagnagrunni Rannsókna & greiningar úr framhaldsskólum frá árunum 2000, 2004, 2007 og 2010. Hér er unnið með svör þeirra allra samtímis.

¹ Þar sem í könnuninni er lögð áhersla á að kanna hagi ungmenna á framhaldsskólaaldri voru nemendur í kvöldnámi eða fjarnámi undanskildir.

Mælitæki

Mælitæki þessara kannana eru ítarlegir spurningalistar sem hafa verið þróaðir mörg undanfarin ár, fyrst af starfsfólki Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála (RUM), en á síðari árum af Rannsóknum & greiningu við Háskólann í Reykjavík. Spurningarnar eru mótaðar af fagfólki í félagsvísindum þar sem farið er eftir ströngum kröfum um að þær geti af sér öruggar niðurstöður og að áreiðanleiki og réttmæti sé ávallt í fyrirrúmi. Spurningalistinn árið 2000 inniheldur 151 spurningu í mismunandi mörgum liðum á 45 blaðsíðum en listinn árið 2004 inniheldur 170 spurningar á 53 blaðsíðum, 2007 voru spurningarnar alls 127 á 41 blaðsíðu og árið 2010 voru þær 110 talsins á 34 blaðsíðum. Kvarðar eru gjarnan notaðir sem svarmöguleikar til að auka réttmæti spurninganna. Svonefndur Likert-kvarði² er þar áberandi.

Framkvæmd og úrvinnsla gagna

Framkvæmd allra kannananna var þannig háttað að spurningalistar voru sendir til allra skóla landsins þar sem kennarar sáu um að leggja þá fyrir og gerðu svo eftir ákveðnum fyrirmælum. Nafnleyndar þátttakenda var gætt með því að ítreka það fyrir nemendum að hvorki bæri að rita nafn né kennitölu á svarblöðin svo útilokað væri að rekja svörin til þeirra. Einnig voru nemendur vinsamlegast beðnir um að svara öllum spurningunum eftir bestu samvisku og að biðja um hjálp ef þörf væri á. Í þessari skýrslu er fyrst og fremst unnið með tíðnitölur sem settar eru fram í myndum og töflum með hlutföllum og krosskeyrslum breyta. Of langt mál er að telja hér upp allar þær spurningar sem notaðar eru í skýrslunni eða hvernig einstakar breytur eru kóðaðar en áhugasömum er bent á að hafa samband við Rannsóknir & greiningu (rannsoknir@rannsoknir.is) ef nákvæmari skýringa er óskað.

² Sjá nánar: De Vaus 2002.

Skólar sem tóku þátt í framhaldsskólarannsóknni haustið 2010

Borgarholtsskóli
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra
Fjölbrautaskóli Snæfellinga
Fjölbrautaskóli Suðurlands
Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Fjölbrautaskóli Vesturlands
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ
Fjölbrautaskólinn við Ármúla
Flensborgarskólinn í Hafnarfirði
Framhaldsskólinn á Húsavík
Framhaldsskólinn á Laugum
Framhaldsskólinn í Austur Skaftafellssýslu
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Iðnskólinn í Hafnarfirði
Kvennaskólinn í Reykjavík
Menntaskóli Borgarfjarðar
Menntaskólinn að Laugarvatni
Menntaskólinn á Akureyri
Menntaskólinn á Egilsstöðum
Menntaskólinn á Ísafirði
Menntaskólinn á Tröllaskaga
Menntaskólinn Hraðbraut
Menntaskólinn í Kópavogi
Menntaskólinn í Reykjavík
Menntaskólinn við Hamrahlíð
Menntaskólinn við Sund
Tækniskólinn skóli atvinnulífsins
Verkmenntaskóli Austurlands
Verkmenntaskólinn á Akureyri
Verzlunarskóli Íslands

Vímuefnanotkun

Á Íslandi hefur samvinnukerfi, gjarnan kallað *íslenska módelið*, gefist vel í baráttunni við að sporna við vímuefnanotkun unglunga í efstu bekkjum grunnskóla. Íslenska módelið byggir á fræðilegum grunni þar sem áhersla er lögð á samvinnu rannsóknarfólks, stefnumótunaraðila og grasrótarfólks sem starfar með ungu fólki³. Þetta kerfi vísar til þess að mestur árangur náist í forvörnum með því að draga úr þekktum áhættuþáttum vímuefnanotkunar, en um leið að styrkja verndandi þætti svo sem mikilvægi foreldra, skóla og annarra stofnana í nærsamfélagi ungmenna. Rannsóknir sýna að hlutfall nemenda í efstu bekkjum grunnskóla sem segjast hafa orðið drukknir á síðastliðnum 30 dögum, reykt eina sígarettu eða fleiri á dag og hafa prófað hass einhvern tíma um ævina lækkaði jafnt og þétt frá árunum 1997 – 2008⁴. Á móti hefur hlutfall ungmenna sem segjast eyða umtalsverðum tíma með foreldrum sínum utan skóla og um helgar hækkað sem og hlutfall þeirra sem segja að foreldrar þeirra viti hvar þeir eru á kvöldin. Stuðningur, aðhald og eftirlit, sem eru þrjú af megin áhersluatriðum íslenska módelisins hefur því aukist í nærsamfélagi unglunga⁵.

Rannsóknir hafa sýnt að þeir unglingar sem verja miklum tíma með foreldrum sínum og tengjast þeim vel eru ólíklegri en aðrir unglingar til að leiðast út í vímuefnanotkun lendi þeir í félagsskap þar sem vímuefnanotkun er algeng⁶. Einnig hafa rannsóknir leitt í ljós að að þeir unglingar sem eiga í stöðugum jákvæðum samskiptum við foreldra sína og fá góðan stuðning frá þeim eru líklegri til að sýna betri árangur í námi en þeir sem fá ekki slíkan stuðning⁷ ásamt því að eignast frekar vini þar sem svipað samskiptamunstur er haft í heiðri⁸.

Yfirfærsla þess árangurs sem náðst hefur meðal nemenda í efstu bekkjum grunnskóla yfir á nemendur framhaldsskólanna er aðkallandi verkefni. Þegar ungmenni halda í framhaldsskóla veikist oft það öryggisnet sem hefur umlukið þau á grunnskólaárunum. Foreldrasamstarf minnkar, félagahópur og félagslíf breytist ásamt því

³ Inga Dóra Sigfúsdóttir o.fl. (í prentun).

⁴ Inga Dóra Sigfúsdóttir o.fl. (2008).

⁵ Inga Dóra Sigfúsdóttir o.fl. (í prentun).

⁶ Bachman o.fl. 1987.

⁷ de Bruyn o.fl. 2003.

⁸ Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998.


að brottfall úr skipulögðu íþróttu – og tómstundastarfi er talsvert á þessum árum⁹. Allt eru þetta þættir sem íslenska forvarnarmódelið hefur lagt ríka áherslu á að séu nýttir í vímuefnaforvörnum. Það er því verðugt verkefni að meta hvort sú forvarnarvinna sem reynst hefur vel meðal nemenda í efstu bekkjum grunnskóla geti nýst meðal framhaldsskólanema.

Hér á eftir gefur að líta myndir sem sýna vímuefnanotkun framhaldsskólanema árið 2010 með völdum samanburði við árin 2000, 2004 og 2007.


⁹ Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. 2005.

Tóbaksnotkun

Reykingar




Mynd 1. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árin 2000, 2004, 2007 og 2010 sem segjast hafa prófað að reykja sígarettur einhvern tíma um ævina.




Mynd 2. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík árin 2000, 2004, 2007 og 2010 sem segjast hafa prófað að reykja sígarettur einhvern tíma um ævina.

Mynd 1 sýnir það hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árin 2000, 2004, 2007 og 2010 sem segjast hafa prófað að reykja sígarettur einhvern tíma um ævina. Myndin sýnir að heldur hefur dregið úr hlutfalli stráka og stelpna í framhaldsskólum sem segjast hafa prófað að reykja sígarettur á tímabilinu og á það við um báða aldursflokkana. Ef litið er ársins 2000 þá voru alls 64,7% stráka og stelpna á framhaldsskólaaldri sem sögðust hafa prófað að reykja sígarettur einhvern tíma um ævina, en árið 2004 var þetta hlutfall 59,9%. Árið 2007 var hlutfallið um 56,6% og nú árið 2010 segjast um 52% framhaldsskólanema hafa prófað að reykja sígarettur einhvern tímann um ævina.

Árið 2000 höfðu 56,5% stráka yngri en 18 ára prófað að reykja sígarettur einhvern tíma um ævina. Það hlutfall var komið niður í 40% árið 2010 og er það lækkun sem nemur um 16,5 prósentustigum. Árið 2000 höfðu 70,2% stráka 18 ára og eldri prófað að reykja sígarettur einhvern tíma um ævina en 63% árið 2010. Meðal stelpna yngri en 18 ára var hlutfall þeirra sem sögðust hafa prófað að reykja sígarettur einhvern tíma um ævina 59,6% árið 2000, en var komið niður í 40% árið 2010, lækkun sem nemur tæpum 20 prósentustigum. Í hópi stelpna 18 ára og eldri voru um 73% þeirra sem sögðust hafa prófað að reykja sígarettur einhvern tíma um ævina árið 2000. Árið 2010 var þetta hlutfall komið niður í 63%, lækkun sem nemur um 10 prósentustigum. Mesta hlutfallslega lækkunin virðist vera hjá stelpum yngri en 18 ára þegar litið er til landsmeðaltals.



Mynd 3. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árin 2000, 2004, 2007 og 2010 sem segjast reykja sígarettur daglega.



Mynd 4. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík árin 2000, 2004, 2007 og 2010 sem segjast reykja sígarettur daglega.

Mynd 3 hér á undan sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árin 2000, 2004, 2007 og 2010 sem segjast reykja sígarettur daglega. Líkt og á mynd 1 má sjá að heldur hefur dregið úr því hlutfalli stráka og stelpna sem segjast reykja sígarettur daglega, milli áranna 2000, 2004, 2007 og 2010. Á það við um báða aldursflokkan. Ef litið er til ársins 2000 þá voru alls 21% stráka og stelpna á framhaldsskólaaldri sem sögðust hafa prófað að reykja sígarettur einhvern tíma um ævina, en árið 2004 var þetta hlutfall um 18,3%. Árið 2010 var þetta hlutfall um 12%. Árið 2000 reyktu 18% stráka yngri en 18 ára daglega en árið 2010 var þetta hlutfall 9%, sem er lækkun um 9 prósentustig. Árið 2000 höfðu 23,1% stráka 18 ára og eldri reykt sígarettur daglega árið en hlutfallið var um 12% árið 2010. Er það lækkun sem nemur 11,1 prósentustigum. Meðal stelpna yngri en 18 ára höfðu 17,9% reykt sígarettur daglega en 8% árið 2010 sem er lækkun um 9,9%. Í hópi stelpna 18 ára og eldri voru um 25,2% sem sögðust reykja sígarettur daglega árið 2000, en um 14% stelpna árið 2010, lækkun sem nemur um 11,2 prósentustigum. Mesta hlutfallslega lækkunin virðist vera hjá stelpum yngri en 18 ára, þegar litið er til landsmeðaltals.

Notkun munn – og neftóbaks


Tafla 1. Munn- og neftóbaksnotkun framhaldsskólanema á Íslandi árið 2010

	Menntaskólinn í Reykjavík				Landsmeðaltal			
	Strákar		Stelpur		Strákar		Stelpur	
	U18	18+	U18	18+	U18	18+	U18	18+
Notað munntóbak 1x eða oftar um ævina	21,7%	29,1%	10,3%	14,2%	41,9%	59,1%	23,4%	36,3%
Notað munntóbak 1x eða oftar sl. 30 daga	9,6%	11,8%	3,7%	2,9%	26%	32,7%	9,3%	9,2%
Notað munntóbak 3x eða oftar sl. 30 daga	5,6%	6,4%	2,1%	0,7%	19,2%	25%	3,2%	3,0%
Notað neftóbak 1x eða oftar um ævina	26,7%	36,4%	12,9%	27,7%	46,8%	66%	25,9%	48%
Notað neftóbak 1x eða oftar sl. 30 daga	6,3%	10,9%	0,8%	5,7%	25,4%	27,9%	8,6%	11,3%
Notað neftóbak 3x eða oftar sl. 30 daga	3,8%	4,5%	0,8%	1,4%	16,2%	14,9%	2,5%	3,0%

Í töflu 1 má sjá hlutfall framhaldsskólanema á Íslandi og í Menntaskólanum í Reykjavík sem hafa notað munn- eða neftóbak einhvern tíma um ævina og síðastliðna 30 daga. Fram kemur að strákar eru mun líklegri en stelpur til að hafa notað slíkt tóbak, hvort sem um er að ræða munn- eða neftóbak. Rúmlega 19% stráka undir 18 ára og tæplega 25% stráka 18 ára og eldri segjast hafa notað munntóbak þrisvar sinnum eða oftar á síðastliðnum 30 dögum.


Áfengisnotkun

Notkun um ævina



Mynd 5. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem hafa neytt áfengis einu sinni eða oftár um ævina.


Mynd 5 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem neytt hafa áfengis einu sinni eða oftár um ævina. Eins og myndin gefur til kynna þá hafa hlutfallslega fleiri stelpur en strákar neytt áfengis einu sinni eða oftár um ævina og á það við um báða aldursflokkana. Alls hafa 69% stráka sem eru yngri en 18 ára neytt áfengis einu sinni eða oftár um ævina en um 91% stráka sem eru 18 ára og eldri. Ef hlutfall stelpna sem eru 18 ára og yngri er skoðað þá hafa um 75% þeirra neytt áfengis einu sinni eða oftár um ævina en um 93% þeirra sem eru 18 ára og eldri.



Mynd 6. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem hafa neytt áfengis einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga.


Mynd 6 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem hafa neytt áfengis einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga. Eins og myndin gefur til kynna þá hafa hlutfallslega fleiri stelpur en strákar neytt áfengis einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga. Alls hafa 48% stráka, yngri en 18 ára neytt áfengis einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, en um 75% stráka sem eru 18 ára og eldri. Ef litið er til stelpna sem eru yngri en 18 ára þá hafa um 56% þeirra neytt áfengis þetta oft en um 77% stelpna í aldurshópnum 18 ára og eldri. Þessar niðurstöður gefa til kynna að stelpur í framhaldsskóla virðast frekar hafa neytt áfengis einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga en strákar og á það við um báða aldursflokkana.

Ölvunardrykkja




Mynd 7. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftari um ævina.

Mynd 7 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftari um ævina. Eins og myndin gefur til kynna þá hafa hlutfallslega fleiri stelpur en strákar orðið ölvaðar einu sinni eða oftari um ævina og á það við um báða aldursflokka. Alls hafa um 56% stráka yngri en 18 ára orðið ölvaðir einu sinni eða oftari um ævina árið 2010, en um 86% stráka í aldurshópnum 18 ára og eldri. Ef litið er til stelpna sem eru yngri en 18 ára þá hafa um 61% þeirra orðið ölvaðar þetta oft um ævina en um 89% stelpna sem eru 18 ára og eldri.



Mynd 8. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi sem hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2000, 2004, 2007 og 2010.



Mynd 9. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík sem hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2000, 2004, 2007 og 2010.

Mynd 8 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi sem hafa orðið ölvað einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga, árin 2000, 2004, 2007 og 2010. Eins og myndin gefur til kynna þá hefur nokkuð dregið úr slíkri ölvun og er það óháð kyni og aldri. Ef litið er til ársins 2000 þá höfðu alls um 63,5% nemenda í framhaldsskóla á Íslandi orðið ölvaðir einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga, en um 63,3% þeirra árið 2004. Árið 2010 var þetta hlutfall um 55,2% nemenda í framhaldsskóla. Meðal stráka yngri en 18 ára mældist hlutfall þeirra sem sögðust hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga um 57,5% árið 2000, en árið 2010 var þetta hlutfall um 40%. Það er lækkun sem nemur um 17,5 prósentustigum. Hinsvegar sögðust 72,1% stráka 18 ára og eldri hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga árið 2000, en árið 2010 var þetta hlutfall um 68,7%. Hjá stelpum yngri en 18 ára var hlutfall þeirra sem sögðust hafa orðið ölvaðar þetta oft árið 2000 um 59,3%, en var árið 2010 komið niður í 45%. Er það lækkun sem nemur 14,3 prósentustigum. Í hópi stelpna 18 ára og eldri voru um 65,8% sem sögðust hafa orðið ölvaðar einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga árið 2000, en um 67,9% árið 2010.

Hvar neyta framhaldsskólanemar áfengis?


Tafla 2. Hlutfall framhaldsskólanema árið 2010 sem segjast drekka áfengi, stundum eða oft, á tilteknum stöðum.

	Menntaskólinn í Reykjavík					Landsmeðaltal				
	Strákar		Stelpur		Alls	Strákar		Stelpur		Alls
	U18	18+	U18	18+		U18	18+	U18	18+	
Heima hjá mér	4,5%	17,1%	4,1%	22,3%	10,3%	9,2%	38,7%	8,9%	38,4%	24,3%
Heima hjá öðrum	30,3%	69,5%	41,9%	72,1%	50,3%	35,6%	71,6%	45,7%	77,7%	57,7%
Í bænum	20,9%	48,1%	26,6%	61,2%	36,3%	27,9%	64,5%	35,2%	67,8%	48,6%
Annars staðar úti við	11,8%	22,9%	18,8%	20,7%	18,2%	22,5%	41,5%	24,2%	34,8%	30,8%
Á skemmtistað	15%	46,2%	28,6%	57,6%	34,5%	25,6%	64,9%	34,5%	70,2%	48,7%
Á pöbb eða kaffihúsi.	9,8%	28,6%	19,1%	39,3%	22,8%	16,6%	52,1%	18%	50,4%	34,4%
Fyrir framhalds-skólaball	44,4%	72,4%	53,5%	78,6%	59,9%	32,6%	53,1%	40,6%	55,3%	44,3%
Á framhalds-skólaballi	3,3%	5,7%	3,7%	2,1%	3,6%	13,1%	18,5%	10,7%	12,9%	13,5%


Í töflu 2 getur að líta hlutfallslegan fjölda framhaldsskólanema sem segjast drekka áfengi stundum eða oft á tilteknum stöðum. Sambærilegar upplýsingar hafa reynst vel í forvarnavinnu meðal grunnskólanema. Líkt og þar segjast flestir neyta áfengis stundum eða oft *heima hjá öðrum* eða 57,7% en næstflestir framhaldsskólanema segjast neyta áfengis stundum eða oft *á skemmtistað* eða 48,7%. Um 44,3% segjast neyta áfengis stundum eða oft *fyrir framhaldsskólaball*.

Ólögleg vímuefni

Neysla á hassi




Mynd 10. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi sem hafa notað hass einu sinni eða oftar um ævina, árin 2000, 2004, 2007 og 2010.



Mynd 11. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík sem hafa notað hass einu sinni eða oftar um ævina, árin 2000, 2004, 2007 og 2010.


Mynd 10 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi sem hafa notað hass einu sinni eða oft um ævina, árin 2000, 2004, 2007 og 2010. Eins og myndin gefur til kynna þá hefur dregið úr neyslu hass þetta oft og er það óháð kyni og aldri. Ef litið er til ársins 2000 þá höfðu um 22,8% nemenda í framhaldsskóla á Íslandi neytt hass einu sinni eða oft um ævina, en um 22,6% árið 2004. Árið 2010 var þetta hlutfall 12% nemenda í framhaldsskóla. Árið 2000 höfðu 19% stráka yngri en 18 ára neytt hass þetta oft um ævina, en árið 2010 8,5% sem er lækkun um 10.5 prósentustig. Meðal stráka 18 ára og eldri hinsvegar sögðust um 37,5% hafa notað hass þetta oft árið 2000, en árið 2010 var þetta hlutfall í kringum 21,3%. Er það lækkun sem nemur 16,2 prósentustigum. Hjá stelpum yngri en 18 ára var hlutfall þeirra sem sögðust hafa notað hass einu sinni oft um ævina um 12,7%, en árið 2010 í kringum 5,4%. Það dregur því úr slíkri neyslu um 7,3%. Í hópi stelpna 18 ára og eldri voru um 24,2% sem sögðust hafa notað hass einu sinni eða oft um ævina en árið 2010 var þetta hlutfall um 14,2%.




Mynd 12. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem hafa notað hass þrisvar sinnum eða oftar um ævina.

Mynd 12 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem hafa notað hass þrisvar sinnum eða oftar um ævina. Eins og myndin gefur til kynna þá hafa hlutfallslega fleiri strákar en stelpur hafa notað hass þetta oft um ævina og á það við um báða aldursflokkana. Alls hafa um 4,7% stráka sem eru yngri en 18 ára notað hass þrisvar sinnum eða oftar um ævina árið 2010, en um 12,1% stráka sem eru 18 ára og eldri. Ef litið er til stelpna sem eru 18 ára og yngri þá hafa um 2,6% þeirra notað hass þetta oft um ævina, en um 7,5% stelpna sem eru 18 ára og eldri

Mynd 13 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi sem hafa notað marijúana einu sinni eða oftar um ævina árið 2010. Eins og myndin gefur til kynna þá eykst neyslan nokkuð með hækkandi aldri og á það við um bæði kynin. Neyslan er þó meiri meðal stráka en stelpna. Þannig segja 22,2% stráka yngri en 18 ára í framhaldsskólum á Íslandi að þeir hafi notað marijúana einu sinni eða oftar um ævina borið saman við 9,7% stelpna yngri en 18 ára. Meðal eldri nemenda sögðu 41,5% stráka en 22,1% stelpna að þau hefðu neytt marijúana að minnsta kosti einu sinni um ævina




Mynd 13. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem hafa notað marijúana einu sinni eða oftar um ævina.



Mynd 14. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem hafa notað amfetamín einu sinni eða oftár um ævina.

Mynd 14 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem hafa notað amfetamín einu sinni eða oftár um ævina. Eins og myndin gefur til kynna þá hafa hlutfallslega fleiri strákar en stelpur hafa notað amfetamín þetta oft um ævina og á það við um báða aldursflokka. Alls hafa um 6,8% stráka sem eru yngri en 18 ára notað amfetamín einu sinni eða oftár um ævina árið 2010, en um 15% stráka sem eru 18 ára og eldri. Ef litið er til stelpna sem eru yngri en 18 ára þá hafa um 3,8% þeirra notað amfetamín einu sinni eða oftár um ævina, en um 9,4% stelpna sem eru 18 ára og eldri. Talsverð aukning virðist vera á neyslu amfetamíns þetta oft meðal framhaldsskólanema eftir því sem þau verða eldri.


Neysla annarra ólöglegra vímuefna



Mynd 15. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem neytt hafa annarra ólöglegra vímuefna um ævina (E-töflur, LSD, kókaín).


Mynd 15 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem hafa neytt annarra ólöglegra vímuefna um ævina (E-töflur, LSD, kókaín). Það sama er uppi á teningnum hér og þegar neysla hass og amfetamíns er skoðuð. Eins og myndin gefur til kynna þá virðast hlutfallslega fleiri strákar en stelpur hafa neytt annarra ólöglegra vímuefna um ævina og á það við um báða aldursflokka. Alls hafa um 5,7% stráka sem eru yngri en 18 ára notað önnur ólögleg vímuefni um ævina árið 2010, en um 12,3% stráka sem eru 18 ára og eldri. Ef horft er til stelpna sem eru yngri en 18 ára þá hafa um 3,2% þeirra neytt annarra ólöglegra vímuefna um ævina, en um 8,5% stelpna sem eru 18 ára og eldri. Hér er einnig um svipaða þróun að ræða og þegar litið er til neyslu á hassi og amfetamíni. Talsverð aukning virðist vera á neyslu annarra ólöglegra vímuefna um ævina meðal beggja kynja eftir því sem á líður.

Breytingar á neyslu ungmenna frá 10. bekk yfir í framhaldsskóla




Mynd 16. Vímuefnaneysla nemenda í 10. bekk vorið 2010 og nemenda sem eru 16 ára og yngri í framhaldsskólum haustið 2010.


Mynd 16 sýnir vímuefnaneyslu nemenda í 10. bekk vorið 2010 og nemenda sem eru 16 ára og yngri í framhaldsskólum haustið 2010. Hér er því verið að bera saman sama hópinn á tveimur mismunandi tímum að frátöldum þeim sem hafa hætt námi að 10. bekk loknum eða hætt í framhaldsskóla snemma um haustið. Um það bil 7 mánuðir eru á milli mælinganna. Niðurstöður sýna að litlu fleiri fyrsta árs nemar í framhaldsskólum reykja daglega en nemendur í 10. bekk vorið 2010. Eins og myndin sýnir þá segjast 7,0% nemenda í 10. bekk reykja daglega vorið 2010 en 7,9% nemenda sem eru 16 ára eða yngri í framhaldsskóla haustið 2010. Myndin sýnir einnig ölvun síðastliðna 30 daga hjá hópnum tveimur. Niðurstöður þar eru á þann veg að ölvun sl. 30 daga rúmlega tvöfaldast á þessum sex mánuðum. Um 14% nemenda í 10. bekk vorið 2010 segjast hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, en 33,3% yngstu nemenda í framhaldsskóla haustið 2010. Vert er að gefa þessum niðurstöðum sérstakan gaum. Enginn munur er hins vegar á hópnum tveimur þegar könnuð er neysla hass um ævina. Um 6% nemenda í 10. bekk vorið 2010 segjast hafa notað hass um ævina, sem er sama hlutfall og mælist meðal nemenda á 1. ári í framhaldsskóla.



Mynd 17. Daglegar reykingar nemenda í öllum framhaldsskólum á Íslandi haustið 2010 (bláu súlurnar). Rauða súlan veitir upplýsingar um stöðu Menntaskólans í Reykjavík og sú gula sýnir landsmeðaltal.



Mynd 18. Hlutfall nemenda í öllum framhaldsskólum á Íslandi haustið 2010 sem hafa orðið ölvaðir sl. 30 daga (bláar súlur). Rauða súlan veitir upplýsingar um stöðu Menntaskólans í Reykjavík og sú gula sýnir landsmeðaltal.



Mynd 19. Hlutfall nemenda í öllum framhaldsskólum á Íslandi haustið 2010 sem hafa notað hass einhvern tíma um ævina (bláar súlur). Rauða súlan veitir upplýsingar um stöðu Menntaskólans í Reykjavík og sú gula sýnir landsmeðaltal.

Hagir og líðan

Mikilvægi sterkra tengsla ungmenna við foreldra sína verða seint ofmetin. Niðurstöður fjölmargra rannsókna sem gerðar hafa verið á undanförunum árum og áratugum benda til þess að tengsl ungmenna við foreldra sína og fjölskyldu skipti miklu máli fyrir þróun og þroska þeirra sem og samverustundir fjölskyldunnar¹⁰. Foreldrar eru ungu fólki mikilvægar og sterkar fyrirmyndir¹¹ og eru lykilaðilar í félagslegu stuðningsneti þeirra. Rannsóknir hafa til dæmis sýnt að aðhald, eftirlit og stuðningur foreldra hefur jákvæð áhrif á námsárangur ungmenna¹² og að þau ungmenni sem verja miklum tíma með foreldrum sínum og / eða eru vel tengdir þeim eru ólíklegri en önnur ungmenni til að leiðast út í notkun vímuefna lendi þeir í félagsskap þar sem vímuefnaneysla er algeng¹³. Einnig hefur verið sýnt fram á það með rannsóknum að viðhorf ungmenna eru líklegri til að líkjast viðhorfum foreldranna ef sterk tengsl eru þeirra á milli¹⁴. Þess utan eru ungmenni sem eiga stöðug og jákvæð samskipti við foreldra sína og fá mikinn stuðning frá þeim, líklegri til að ganga vel í skóla¹⁵ og eignast vini þar sem svipað samskiptamynstur er uppi á teningnum¹⁶. Foreldrar veita því ungmennum mikilvægt, félagslegt taumhald sem nær út fyrir eiginlegar samverustundir foreldra og ungmenna.

Að sama skapi hafa áhrif jafningjahópsins í lífi ungmenna mikið verið rannsökuð undanfarin ár. Ríkjandi viðmið og gildi jafningjahópsins hafa áhrif á viðhorf ungmenna til náms¹⁷, þátttöku þeirra í íþróttum og tómstundastarfi sem og líkur á vímuefnaneyslu eða annars konar áhættu hegðun¹⁸. Rannsóknir benda einnig til þess að áhrif jafningjahópsins aukist eftir því sem ungmenni verða eldri og að sama skapi dragi úr áhrifum foreldra og annarra fullorðinna í lífi þeirra með hækkandi aldri ungmenna. Ungmenni sem eru, eða vilja verða meðlimir í tilteknum hópi jafningja verða að tileinka sér viðmið og gildi hópsins. Hafa rannsóknir þannig sýnt að jafningjahópurinn er mjög

¹⁰ Coleman, 1988; Warr, 1993; Þóroddur Bjarnason o.fl. 2005.

¹¹ Bandura, 1997.

¹² Coleman, 1988; Sheldon og Epstein 2005.

¹³ Bachman o.fl. 1987.

¹⁴ Gorman 1998.

¹⁵ Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. 2006.

¹⁶ Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998.

¹⁷ Zettergren 2003.

¹⁸ Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998

mikilvægur hluti af lífi ungmenna¹⁹. Enn fremur er mikilvægt að foreldrar og forráðamenn ungmenna þekki til hópa sem þeir tilheyra.

Í rannsóknum á högum ungmenna er það almennt viðtekið að lífsstíll ungmenna og það „að vera unglingur“ sé að miklu leyti mótað í frístundum og / eða tómstundum þeirra sem gjarnan liggja utan við umhverfi fjölskyldu og skóla. Kenningar og rannsóknir um lífsstíl unglinga sem miðast oft að því að skýra hvað þeir geri í tómstundum og með hverjum þeir verja tíma sínum hafa sýnt fram á að það skiptir miklu máli í velferð ungmenna hvers eðlis tómstundir þeirra eru²⁰. Einnig hefur verið bent á að ungmenni þrói snemma á lífsleiðinni með sér ákveðið skyn sem hefur áhrif á þann lífsstíl sem þeir velja. Í ljósi þessa er vert að benda á að rannsóknir sýna ítrekað að ungmenni sem stunda íþróttir og / eða reglulega líkamsþjálfun eru ólíklegri til að nota vímuefni eða taka þátt í neikvæðu atferli en önnur ungmenni²¹. Auk þess hefur gerð félags- og tómstundastarfs verið rannsökuð og sýna niðurstöður að slík starfsemi sem er skipulögð og í umsjá ábyrgra aðila dregur úr líkum á að ungmenni tileinki sér lífsstíl sem einkennist af áhættu hegðun svo sem notkun vímuefna²². Þá mótast tómstundir og lífsstíll unglinga sömuleiðis af áhugamálum þeirra en einnig tískustraumum sem oft eiga sér alþjóðlegar rætur²³.

Framhaldsskólinn er vinnustaður fjölmargra ungmenna og innan hans verja mörg þeirra drjúgum tíma á aldrinum sextán ára og framundir og yfir tvítugt. Félagsleg þróun er mikil og hröð á framhaldsskólaárunum og gegnir skólinn því margþættu hlutverki. Margir eignast vini og / eða félagas ævilangt og er félagsskapur samnemenda mikilvægur hluti þess að vera í framhaldsskóla. Rannsóknir sýna að lífsstíll unglinga á þessum árum er sterklega tengdur námsárangri þeirra og að líðan í skóla, viðhorf til náms og áhættu hegðun svo sem áfengisnotkun og reykingar, eru þættir sem tengjast klárlega námsárangri²⁴.

Hér á eftir gefur að líta myndir sem sýna stöðu ýmissa félagslegra þátta sem tengjast vímuefnanotkun með skýrum hætti eins og sagt er frá í yfirliti hér á undan.

¹⁹ Rúnar Vilhjálmsson 1994, Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998

²⁰ Osgood o.fl. 1996; Peretti – Watel og Lorente 2004.


²¹ Rúnar Vilhjálmsson og Þórólfur Þórlindsson 1992; Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998; Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1994.

²² Piko og Fitzpatrick 2004.

²³ Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson 1993; Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998.


²⁴ Crosnoe o.fl. 2002; Lahelma 2002; Roeser o.fl. 1996; Smerdon 2002.

Fjölskylda og jafningjar




Mynd 20. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem segjast *oft* horfa á sjónvarpið með fjölskyldu sinni.

Mynd 20 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem segjast *oft* horfa á sjónvarpið með fjölskyldu sinni. Eins og myndin gefur til kynna þá virðast stelpur í báðum aldursflokkum frekar telja sig horfa *oft* á sjónvarpið með fjölskyldu sinni en strákar. Athyglisvert er að stelpur í aldurshópnum 18 ára og eldri virðast frekar (29,3%) en stelpur í yngri aldursflokknum (27,5%) telja sig horfa *oft* á sjónvarpið með fjölskyldu sinni. Því er hins vegar öfugt farið meðal stráka, en þar virðast strákar yngri en 18 ára (22,6%) frekar telja sig horfa oft á sjónvarpið með fjölskyldu sinni en strákar sem eldri eru (18,9%).




Mynd 21. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem segjast *oft* stunda íþróttir eða útivist með fjölskyldu sinni.

Mynd 21 sýnir það hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem segjast *oft* stunda íþróttir eða útivist með fjölskyldu sinni. Eins og myndin gefur til kynna þá segjast um 12,2% stráka yngri en 18 ára stunda *oft* íþróttir eða útivist með fjölskyldu sinni, en um 10,2% stráka, 18 ára og eldri. Hjá stelpum sem segjast *oft* stunda íþróttir eða útivist með fjölskyldu sinni, er hlutfallið mjög áþekkt í báðum aldurshópum, eða á bilinu 11,1 – 11,6%.




Mynd 22. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem segjast *oft* tala við fjölskyldu sína.

Mynd 22 sýnir það hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem segjast *oft* tala við fjölskyldu sína. Eins og myndin sýnir þá virðast stelpur frekar en strákar telja sig tala oft við fjölskyldu sína. Munurinn er talsvert mikill og áhugavert er á að líta að stelpur í aldursflokknum 18 ára og eldri virðast frekar telja sig tala oft við fjölskyldu sína (78,5%) en stelpur í yngri hópnum (71,9%). Í hópi stráka þá segjast 50,5% stráka, yngri en 18 ára, tala oft við fjölskyldu sína, en um 59,3% stráka í eldri hópnum.




Mynd 23. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem telja mjög eða frekar erfitt að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum sínum.

Mynd 23 sýnir það hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem telja sig eiga mjög eða frekar erfitt að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum sínum. Eins og myndin gefur til kynna þá telja um 6% stráka, yngri en 18 ára eiga mjög eða frekar erfitt að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum sínum, en um 5,6% stráka í eldri aldurshópnum. Meðal stelpna þá eru um 3,8% þeirra í aldurshópnum yngri en 18 ára sem telja sig eiga mjög eða frekar erfitt með að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum sínum, en um 4,8% stelpna í eldri aldurshópnum. Strákar í yngri aldurshópnum virðast því frekar en þeir sem eldri eru, telja sig eiga erfitt með að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum sínum.




Mynd 24. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem telja mjög eða frekar erfitt að fá samræður um persónuleg málefni hjá foreldrum sínum.

Mynd 24 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem telja mjög eða frekar erfitt að fá samræður um persónuleg málefni hjá foreldrum sínum. Um 11,8% stráka í aldurshópnum 18 ára og eldri virðast telja sig eiga mjög eða frekar erfitt að fá slíkar samræður hjá foreldrum sínum, en um 11% stráka í yngri hópnum. Hjá stelpum í aldurshópnum yngri en 18 ára telja um 11,9% þeirra það mjög eða frekar erfitt að fá samræður um persónuleg málefni hjá foreldrum sínum en um 10,7% í aldurshópnum 18 ára og eldri.



Mynd 25. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem telja mjög eða frekar erfitt að fá ráðleggingar frá foreldrum sínum varðandi námið.


Mynd 25 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem telja frekar eða mjög erfitt að fá ráðleggingar frá foreldrum sínum varðandi námið. Eins og sjá má á myndinni þá telja um 13,3% stelpna og 13,4% stráka, 18 ára og eldri, frekar eða mjög erfitt að fá ráðleggingar frá foreldrum sínum varðandi námið. Meðal stráka yngri en 18 ára telja um 10,3% þeirra sig eiga erfitt með að fá ráðleggingar frá foreldrum sínum varðandi námið, en um 11,9% stelpna.



Mynd 26. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem segjast vera *oft* einmana.


Mynd 26 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem telja það eiga frekar eða mjög vel við um sig að vera einmana. Eins og myndin gefur til kynna þá telja um 5,2% stráka, yngri en 18 ára það eiga frekar eða mjög vel við um sig að vera einmana. Um 6,4% stráka 18 ára og eldri í framhaldsskólum á Íslandi telja það eiga frekar eða mjög vel við um sig að vera einmana. Á meðal stelpna þá telja um 10,7% stelpna í aldurshópnum yngri en 18 ára það eiga frekar eða mjög vel við um sig að vera einmana, en um 11,7% stelpna í eldri aldurshópnum.

Nám og skóli




Mynd 27. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem telja skólanámið ekki sérlega eða alls ekki mikilvægt.

Mynd 27 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem telja skólanámið ekki sérlega eða alls ekki mikilvægt. Eins og myndin sýnir þá telja um 4,9% stráka skólanámið ekki sérlega eða alls ekki mikilvægt, en um 5,6% stráka í eldri aldurshópnum. Meðal stelpna þá telja um 1,1% stelpna í báðum aldursflokkum skólanámið ekki sérlega eða alls ekki mikilvægt. Það er áhugavert á að líta að strákar virðast frekar telja skólanámið ekki sérlega eða alls ekki mikilvægt og er það óháð aldri.




Mynd 28. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem telja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að finnast námið tilgangslaust.

Mynd 28 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem telja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að finnast námið tilgangslaust. Eins og myndin gefur til kynna þá telja um 9,0% stráka, yngri en 18 ára það eiga nær alltaf eða oft við um sig að finnast námið tilgangslaust, en 10% þeirra sem eldri eru. Meðal stelpna þá telja um 3,4% stelpna yngri en 18 ára það eiga nær alltaf eða oft við um sig að finnast námið tilgangslaust, en um 3,7% stelpna í eldri aldurshópnum. Það virðist því frekar eiga við um stráka en stelpur að telja námið nær alltaf eða oft tilgangslaust og er það óháð aldri.




Mynd 29. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem telja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að leiðast námið.

Mynd 29 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem telja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að leiðast námið. Eins og myndin sýnir telja um 27,3% stráka í aldurshópnum yngri en 18 ára það eiga nær alltaf eða oft við um sig að leiðast námið, en um 28,9% stráka í eldri aldurshópnum. Meðal stelpna þá telja um 16% stelpna í aldurshópnum yngri en 18 ára það eiga nær alltaf eða oft við um sig að leiðast námið, en um 17,4% stelpna í eldri aldurshópnum. Áhugavert er á að líta að mikill munur er á kynjunum þegar leiði náms er skoðaður og er það óháð aldri. Strákar virðast fremur en stelpur telja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að leiðast námið.




Mynd 30. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem telja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að vera illa undirbúin undir kennslustundir.

Mynd 30 sýnir það hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem telja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að vera illa undirbúin undir kennslustundir. Eins og sjá má þá telja um 20,1% stráka yngri en 18 ára það eiga nær alltaf eða oft við um sig að vera illa undirbúin undir kennslustundir, en um 28,3% stráka í eldri aldurshópnum. Hjá stelpum í aldurshópnum yngri en 18 ára eru um 14% sem telja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að vera illa undirbúnar undir kennslustundir, en um 17,4% þeirra sem eldri eru. Strákar virðast frekar en stelpur telja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að vera illa undirbúnir undir kennslustundir.




Mynd 31. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 telja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að líða illa í skólanum.

Mynd 31 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem telja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að líða illa í skólanum. Hjá strákum yngri en 18 ára telja um 6,3% þeirra það eiga nær alltaf eða oft við um sig að líða illa í skólanum, en um 5,9% þeirra sem eldri eru. Meðal stelpna þá eru um 4,5% þeirra sem telja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að líða illa í skólanum en um 5,3% stelpna í eldri aldurshópnum.




Mynd 32. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem telja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að langa til að hætta í skólanum.

Mynd 32 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem telja það eiga nær alltaf við um sig að langa til að hætta í skólanum. Eins og myndin gefur til sýnir þá segjast um 10,2% stráka í aldurshópnum yngri en 18 ára og að þá langi til að hætta í skólanum þetta oft, en um 10,2% þeirra sem eldri eru. Meðal stelpna yngri en 18 ára þá upplifa 5,8% þeirra að þær langi til að hætta í skólanum, en um 7,7% stelpna í eldri aldurshópnum. Strákar virðast frekar telja það eiga við sig að vilja hætta í skólanum þetta oft og er það óháð aldri.




Mynd 33. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem segja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að vilja skipta um skóla.

Mynd 33 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem segja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að vilja skipta um skóla. Eins og myndin sýnir þá segja um 14% stráka yngri en 18 ára það eiga alltaf eða oft við um sig að vilja skipta um skóla, en um 9,6% þeirra sem eldri eru. Meðal stelpna sem eru yngri en 18 ára segja um 14,8% þeirra það eiga nær alltaf eða oft við um sig að vilja skipta um skóla en um 8,9% stelpna í eldri aldurshópnum. Strákar og stelpur yngri en 18 ára virðast frekar telja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að vilja skipta um skóla, en þau sem eldri eru




Mynd 34. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem segja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að semja illa við kennarana.

Mynd 34 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem segja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að semja illa við kennarana. Eins og myndin gefur til kynna þá segjast um 5,9% stráka yngri en 18 ára semja illa við kennara sína þetta oft, en um 3,8% stráka 18 ára og eldri. Meðal stelpna þá segjast um 2,4% stelpna yngri en 18 ára það eiga nær alltaf eða oft við um sig að semja illa við kennarana, en um 1,7% stelpna sem eldri eru. Strákar virðast því frekar lenda upp á kant við kennara sína.




Mynd 35. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem segja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að líða illa í kennslustundum.

Á mynd 35 má sjá hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem segja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að líða illa í kennslustundum. Eins og myndin sýnir þá segjast um 5,1% stráka yngri en 18 ára það eiga nær alltaf eða oft við um sig að líða illa í kennslustundum borið saman við um 3,6% stráka í eldri hópnum. Meðal stelpna í aldursflokknum yngri en 18 ára þá segjast um 2,4% þeirra líða illa í kennslustundum þetta oft, en um 2,7% stelpna sem eldri eru. Strákar virðast frekar telja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að líða illa í kennslustundum en stelpur, en munurinn er þó lítill.




Mynd 36. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem segja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að líða illa í frímínútum.

Mynd 36 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem segja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að líða illa í frímínútum. Eins og myndin sýnir þá segjast um 4,7% stráka í aldurshópnum yngri en 18 ára líða illa í frímínútum þetta oft, en um 3,3% sem eldri eru. Meðal stelpna þá segjast um 2,8% yngri stelpna það eiga nær alltaf eða oft við um sig að líða illa frímínútum, en um 3,6% stelpna 18 ára og eldri.



Mynd 37. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem segja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að vera utanveltu í skólanum.


Mynd 37 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem segja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að vera utanveltu í skólanum. Eins og myndin gefur til kynna þá segjast um 6,1% stráka, yngri en 18 ára, vera utanveltu í skólanum þetta oft, en um 5,2% þeirra sem eldri eru. Meðal stelpna þá segjast um 5,1% þeirra í aldurshópnum yngri en 18 ára það eiga nær alltaf eða oft við um sig að vera utanveltu í skólanum, en 7,1% stelpna 18 ára og eldri.




Mynd 38. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem telja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að vera lögð/lagður í einelti í skólanum.

Mynd 38 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árið 2010 sem telja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að vera lögð/lagður í einelti í skólanum. Eins og myndin sýnir þá telja um 3,6% stráka í aldurshópnum yngri en 18 ára það eiga nær alltaf eða oft við um sig að vera lagðir í einelti í skólanum, en um 1,6% stráka sem eldri eru. Meðal stúlkna þá virðist eineltið minna en það mælist á bilinu 0,9-1,1% í báðum aldurshópum.

Íþróttir og tómstundir




Mynd 39. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 eftir því hversu oft þau stunda íþróttir eða líkamsrækt í viku hverri.




Mynd 40. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík árið 2010 eftir því hversu oft þau stunda íþróttir eða líkamsrækt í viku hverri.

Á mynd 39 má sjá hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem stunda íþróttir eða líkamsrækt. Eins og myndin sýnir þá er lítill munur á slíkri iðkun eftir aldri og kyni meðal nemenda sem segjast nær aldrei stunda íþróttir eða líkamsrækt. Þetta breytist þegar litið er til algengari íþróttaiðkunar en þá kemur fram meiri munur eftir kyni og aldri. T.a.m. segjast 48,2% yngri stráka og 37,2% yngri stelpna iðka íþróttir eða líkamsrækt fjórum sinnum eða oftar í viku borið saman við 43,3% stráka og 32% stelpna í eldri hópnum.




Mynd 41. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 eftir því hversu oft í viku þau stunda íþróttir (æfa eða keppa) með íþróttafélagi.




Mynd 42. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík árið 2010 eftir því hversu oft í viku þau stunda íþróttir (æfa eða keppa) með íþróttafélagi.

Á mynd 41 má sjá hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi eftir því hversu oft þau stunda íþróttir (æfa eða keppa) með íþróttafélagi. Langflestir framhaldsskólanemar segjast nær aldrei stunda íþróttir (æfa eða keppa) með íþróttafélagi og á það við um bæði kynin óháð aldri. Einna síst virðist það þó eiga við stráka yngri en 18 ára (50,5%), en einna helst um stelpur í aldurshópnum 18 ára og eldri (75,4%). Af þeim sem stunda íþróttir (æfa eða keppa) með íþróttafélagi virðast flestir stunda íþróttir 4x eða oftar í viku og á það við um bæði kynin og báða aldurshópa.




Mynd 43. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 eftir því hversu oft í viku þau reyna á sig líkamlega þannig að þau mæðist verulega eða svitni.




Mynd 44. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík árið 2010 eftir því hversu oft í viku þau reyna á sig líkamlega þannig að þau mæðist verulega eða svitni.

Á mynd 43 má sjá hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 eftir því hversu oft þau reyna á sig líkamlega þannig að þau mæðist verulega eða svitni. Lítil munur er á svörum stráka og stelpna sem segjast nær aldrei reyna á sig líkamlega og á það við um báða aldurshópa. Þegar litið er til tíðari áreynslu kemur fram munur eftir aldri og kyni. Þannig segja 49,9% stráka og 39,2% stelpna yngri en 18 ára reyna á sig líkamlega fjórum sinnum eða oftar í viku borið saman við 48,2% stráka og 34,2% stelpna í eldri aldurshópnum. Strákar virðast því oftar en stelpur, reyna þetta mikið á sig og er það óháð aldri.




Mynd 45. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 eftir því hversu oft í viku þau taka þátt í einhverju skipulögðu félags- eða tómstundastarfi.




Mynd 46. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík árið 2010 eftir því hversu oft í viku þau þátt í einhverju skipulögðu félags- eða tómstundastarfi.

Mynd 45 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem taka þátt í einhverju skipulögðu félags- eða tómstundastarfi. Eins og myndin sýnir þá segjast flestir nær aldrei taka þátt í einhverju skipulögðu félags- eða tómstundastarfi. Stelpur í aldurshópnum 18 ára og eldri virðast einna síst taka þátt í slíku starfi (66,1%). Meðal þeirra sem segjast taka þátt í einhverju skipulögðu tómstundastarfi 1x - 3x í viku þá segjast 38,3% stráka í aldurshópnum yngri en 18 ára taka þátt í slíku starfi en 38,8% stelpna í sama aldurshópi. Meðal stráka sem eru 18 ára og eldri þá segjast um 30,8% þeirra taka þátt í einhverju skipulögðu félags- eða tómstundastarfi en um 27% stelpna í sama aldursflokki. Mjög dregur úr þátttöku í skipulögðu félags- eða tómstundastarfi þegar spurt er um þátttöku 4x eða oftar í viku og er það óháð kyni og aldri en á bilinu 6,9-8,9% framhaldsskólanema taka þátt í félags- og tómstundastarfi þetta oft í viku.



Mynd 47. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 eftir þátttöku í félagsstarfi í skóla að undanskildum böllum og diskóum.



Mynd 48. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík árið 2010 eftir þátttöku í félagsstarfi í skóla að undanskildum böllum og diskóum.

Á mynd 47 má sjá hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árið 2010 eftir þátttöku í félagsstarfi í skóla að undanskildum böllum og diskóum. Eins og myndin sýnir þá segjast flestir nær aldrei taka þátt í félagsstarfi í skólum að undanskildum böllum og diskóum. Stelpur og strákar í aldurshópnum 18 ára og eldri eru líklegri en nemendur í yngri hópnum til að taka nær aldrei þátt í slíku starfi, eða um 66,5-66,7% þeirra á móti 54,4-56,4% þeirra sem yngri eru. Meðal þeirra sem segjast taka þátt í slíku starfi nokkrum sinnum á ári / nokkrum sinnum í mánuði þá virðast strákar og stelpur í aldurshópnum yngri en 18 ára vera duglegri að taka þátt en þau sem eldri eru. Um 38,4% stráka í þessum aldurshópi segjast taka þátt þetta oft og 41,8% stelpna. Í eldri aldurshópnum segjast 28,1% stráka taka þátt þetta oft og 28,6% stelpna. Mjög dregur úr þátttöku í félagsstarfi í skóla að undanskildum böllum og diskóum þegar spurt er um þátttöku 1x í viku eða oftár.

Heimildaskrá

- Atkinson, J.S., Richard, A.J. og Carlsson, J.W. (2001). The influence of peer, family and school relationships on substance use among participants in a youth jobs programs. *Journal of Child and Adolescent Substance Abuse*, 11: 45-54.
- Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon. (2005). *Vímuefnanotkun ungmenna í framhaldsskólum*. Reykjavík: Rannsóknir og greining.
- Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon. (2006). *Ungt fólk 2006, Menntun, menning, tómstundir og íþróttaiðkun ungmenna á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknir og greining.
- Bachman, J.D., Johnston, L.D. og O'Malley, P.M. (1987). *Monitoring the future*. Ann Arbor: Institute for Social Research.
- Bandura, A. (1977). *Social Learning Theory*. Prentice-Hall. Uppersaddle River, N.J.
- Coleman, J. (1988). Social Capital in the Creation of Human Capital. *American Journal of Sociology*, 94, 95-120.
- Crosnoe, R., Erickson, K.G. og Dornbusch, S.M. (2002). Protective functions of family relationships and school factors on the deviant behaviour of adolescent boys and girls: Reducing the impact of risky friendships. *Youth & Society*, 33, 515-544.
- de Bruyn, E.H., Dekovic, M. og Meijnen, G.W. (2003). Parenting, goal orientations, classroom behavior, and social success in early adolescence. *Journal of Applied Developmental Psychology*, 24 (4), 393-412.
- De Vaus, D. (2002). *Surveys in Social Research* (5. útgáfa). London: Routledge.
- Eggert, L.L. og Herting, J.R. (1993). Drug Involvement among Potential Dropouts and Typical Youth. *Journal of Drug Education*, 23: 31-55.
- Gorman, T.J. (1998). Social class and parental attitudes toward education: Resistance and conformity to schooling in the family. *Journal of Contemporary Ethnography*, 27, 10-44.
- Hanna, E.Z., Yi, H.Y., Dufour, M.C. og Whitmore, C.C. (2001). The relationship of early – onset regular smoking to alcohol use, depression, illicit drug use, and other risky behaviours during early adolescence: Results from the youth supplement to the Third National Health and Nutrition Examination Survey. *Journal of Substance Abuse*, 13: 265-282.

- Inga Dóra Sigfúsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Þórólfur Þórlindsson, Allegrante, J.P. (2008). Trends in prevalence in substance use among Icelandic adolescents, 1995-2006. *Substance Abuse Treatment, Prevention, and Policy*, 3:12.
- Inga Dóra Sigfúsdóttir, Þórólfur Þórlindsson, Álfgeir Logi Kristjánsson, Roe, K.M. og Allegrante, J.P. (í prentun). Substance use prevention for adolescents: The Icelandic Model. *Health Promotion International*.
- Lahelma, E. (2002). School is for Meeting Friends: Secondary school as lived and remembered. *British Journal of Sociology of Education*, 23, 367-381.
- Osgood, D.W., Wilson, J.K., O'Malley, P.M., Bachman, J.G., og Johnston, L.D. (1996). Routine activities and individual deviant behaviour. *American Sociological Review*, 61, 635-655.
- Peretti-Watel, P. og Lorento, F.O. (2004). Cannabis use, sport practise and other leisure activities at the end of the adolescence. *Drug and Alcohol Dependence*, 29: 1095-1107.
- Piko, B.F. og Fitzpatrick, K.M. (2004). Substance use, religiosity, and other protective factors among Hungarian adolescents. *Addictive Behaviors*, 29, 1095-1107.
- Roeser, R.W., Midgley, C. og Urdan, T.C. (1996). Perceptions of the school psychological environment and early adolescents' psychological and behavioral functioning in school: The mediating role of goals and belonging. *Journal of Educational Psychology*, 88, 408-422.
- Rúnar Vilhjálmsson og Þórólfur Þórlindsson (1992). The integrative and physiological effects of sports participation: A study of adolescence. *Sociological Quarterly*, 33, 637-647.
- Rúnar Vilhjálmsson (1994). Effects of Social Support on Self – Assessed Health in Adolescence. *Journal of Youth and Adolescence*, 23, 437-452.
- Sheldon, S.B., Epstein, J.L. (2005). Involvement Counts: Family and Community Partnership and Mathematics Achievement. *Journal of Educational Research*, 98: 196-206.
- Smerdon, B.A. (2002). Students' perception of membership in their high schools. *Sociology of Education*, 75, 287-305.
- Storr, C.L., Westergaard, R. og Anthony, J.C. (2005). Early onset inhalent use and risk for opiate initiation by young adulthood. *Drug and Alcohol Dependence*, 78: 253-261.
- Warr, M. (1993). Age, peers and delinquency. *Criminology*, 31, 17-40.

Zettergren, P. (2003). School adjustment in adolescence for previously rejected, average and popular children. *British Journal of Educational Psychology*, 73, 207-221.

Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Viðar Halldórsson. (1998). *Vímuefnaneysla ungs fólks: Umhverfi og aðstæður*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis og menntamála.

Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson (1993). *Tómstundir íslenskra unglunga vorið 1992*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.

Þórólfur Þórlindsson, Þorlákur Karlsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir (1994). *Um gildi íþróttar fyrir íslensk ungmenni*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.